

Pési



Lesið þetta

- Aðalskipu-
lagsbreyting
ar
- Kórastarf
- Auglýsingar
- Kvenfélagið
-

Næsti Pési kemur
út 14. des Skil á efni
er 11. des

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Kvenfé- lagsskógur	7
Íbúðir f.aldraða	8
Gröfuglasaly- ftukeppni	10
Jólastjör- nusala	17
Opið fjós	18
Tónleikar	

Nóvember 2007

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Ísólfur Gylfi Pálmason
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

17. árgangur. 210. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Samkeppni um skólasöng og vísnabotna!

Að vanda er mikið að gera í Flúðaskóla og margt skemmtilegt að gerast. Skólinn minnst sérstaklega 200 ára fæðingarafmælis lista-skáldsins góða, Jónasar Hallgrímssonar. Í vikunni hafa nemendur heimsótt stofnanir og fyrirtæki á Flúðum og hápunktur hátíðarhaldanna var 14. nóvember þar sem nemendur opnuðu kaffihús í skólanum. Blásið er til samkeppni um skólasöng og er skilafrestur 20 desember. Hvar eru allir söngvinnu Hreppmennirnir? Þá er í gangi æfing í vísnagerð og hefur Jóhannes Sigmundsson í Syðra Langholti kastað fram tveimur fyrirpörtum – en þeir eru svohljóðandi: “ Íslensk tunga ein og sönn / ætíð lifa megi” og einnig:

“ Flúðaskóla fylgi æ / farsæld lán og gengi”.
Hvar eru skáldin í hreppnum?

Aðalskipulagsbreytingar í höfn!

Mikli vinna hefur farið fram vegna skipulagsmála í Hrunamannahreppi á síðustu árum. Aðalskipulagstillögur fyrir Hrunamannahrepp 2003-2015 var samþykkt fyrir tveimur árum og nú hefur aðalskipulaginu verið breytt og þær samþykktir fóru fram í þessum mánuði. Reynt er eftir föngum að setja markmið og skipulagsákvæði í heildarsamhengi þannig að aðalskipulagið megi nota sem stjórnæki til þess að ná árangri í samræmi við sett markmið á sem flestum sviðum. Því aðalskipulag hvers sveitarfélags er stjórnæki. Einhverjum kann að finnast það sérkennilegt að breyta aðalskipulagi svona fljótt. Hins vegar er ekkert athugavert við það. Aðalskipulag á að vera lifandi plagg og ekki er óeðlilegt að það geti breyst á eins til tveggja ára fresti. Ýmsar forsendur sem við gáfum okkur hafa ekki staðist. T.d. hefur miklu meira verið byggt hér í hreppnum á undanfönum tveimur árum en gert var ráð fyrir. Þess vegna erum við m.a. að stækka þéttbýlismörkin á Flúðum. Í breytingunum felast einnig breyting á árfarvegi Litlu-Laxár en áin hefur verið iðin við að brjóta niður bakkann við Vesturbrúna. Breytingin er forsenda þess að byggja upp svæði þar sem gert er ráð fyrir að reiðhöllin verði byggð og einnig er ljóst að Límtrésverksmiðjan verður stækkuð áður en langt um líður. Þetta verður þó ekki gert nema í góðri samvinnu Hestamannafélagsins og forsvarsmanna BM Vallár sem eiga Límtrésverksmiðjuna. Í aðalskipulagsbreytingunum er einnig tryggt að góð landbúnaðarsvæði verði varðveitt til landbúnaðar. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps var ein fyrsta sveitarstjórn landsins til þess að setja þessi ákvæði inn í aðalskipulag. Mörg önnur sveitarfélög hafa sett slík ákvæði inn í aðalskipulagstillögur sínar. Þá er einnig breyting á landnotkun þar sem landbúnaðarsvæðum er breytt t.d. í íbúðasvæði, iðnaðarsvæði, tjaldsvæði o.fl. mætti nefna. Breytingar á aðalskipulagi benda til þess að hér sé mikið um að vera og við verðum að bregðast við þeim breytingum með viðeigandi hætti. Þeim fjölmörgu sem komið hafa að þessum aðalskipulagsbreytingum er þakkað og er ástæða til þess að benda á gott starf oddvitans Sigurðar Inga Jóhannssonar sem er formaður skipulagsnefndar uppsveita Árnes-sýslu og Péttri Inga Haraldssyni skipulagsfulltrúa. Skipulagsmál er flókið ferli og grundvallarplagg varðandi stefnu um uppbyggingu í sveitarfélaginu.

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri

Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

Spennandi menningarkvöld hjá Vörðukórnum

Í kvöld verður spennandi menningarkvöld í tilefni 200 ára fæðingarsafmælis listaskáldsins góða Jónasar Hallgrímssonar, á vegum Vörðukórsins. Þarna verður dagskrá í tali og tónum en samkoman verður í Félagshemili Hrunamanna á Flúðum. Auk Vörðukórsins sem Eyrún Jónasdóttir stjórnar, syngur karlakvartett úr Rangárþingi, Helga Gunnlaugsdóttir syngur einsöng en Halla Guðmundsdóttir og Bjarni Harðarson fjalla um skáldið og lesa úr verkum hans.

Ferðaþjónustuaðilar funda á Flúðum

Ferðamálasamtök Íslands halda ársfund sinn á Hótel Flúðum í þann mund sem Pésinn okkar kemur út. Þar verða helstu fulltrúar sem fást við ferðamennsku og ferðaþjónustu í landinu. Siglfirski ferðamálaráðherrann Kristján Möller mun ávarpa samkomuna ásamt mörgum öðrum. Farið verður í vettvangsferð um Hrunamannahrepps undir leiðsögn Jóhannesar Sigmundssonar í Syðra Langholti en hann og kona hans Hrafnhildur hafa alla tíð verðið virk í félagsmálum er tengjast ferðaþjónustu. Til gamans má geta þess að árið 1994 var einmitt þessi fundur haldin hjá þeim hjónum í Syðra-Langholti. Enn og aftur getum við verið stolt af því hve mikil fjölbreytni er í ferðaþjónustu hér í hreppnum.

Hrunamenn og Hilton hótelið

Á dögnum var opnað Hilton hótél þar sem áður var Hótel Nordica í Reykjavík. Áður hefur verið vakin athygli á því hve margir Hrunamenn hafa náð langt í ferðaþjónustunni. Það sannast á því glæsilega Hilton hóteli. Ingólfur Haraldsson frá Hrafnkelsstöðum er hótélstjóri á þessu glæsilega hóteli. Einn af stjórnendum hótelsins er einnig úr Hrunamannahreppi en það er Borghildur Ágústsdóttir frá Birtingaholti. Það sakar heldur ekki að geta þess að á meðal veitinga við opnun hótelsins voru jarðarber frá Silfurtúni sem hjónin Eiríkur og Olga rækta. Greinilegt var að ferðamálaráðherrann frá Siglufirði líkaði jarðarberin einkar vel, en hann fékk reyndar hluta af uppeldi sínu á Suðurlandi þegar hann stundaði nám við Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni.

Jólabjórinn kynntur á Hótel Flúðum

Ýmsar hefðir eru að verða til á Íslandi sem tengist bjór og bjórmenningu ef svo má að orði komast. Ekki er löng hefð fyrir bjórþambi á Íslandi, þó er að koma upp kynslóð sem man ekki eftir öðru en að alltaf hafi verið til bjór hér á landi, sem minnir okkur á hve tíminn líður fljótt. Föstudaginn 9. nóvember var Íslenski jólabjórinn kynntur víða um land kl. 20.00 Margrét og Guðmundur hótelstjórar á Hótel Flúð stóðu fyrir slíkri kynningu á Flúðum og buðu uppá fjölbreyttar veitingar í tilefni dagsins. Tekið var eftir því að margir virtir bjórþambarar úr sveitinni stoppuðu óvenjulega stutt við – skýringin kemur fram annarsstaðar í Pésanum og tengist karlakórnum.

Uppsveitasystur í stuði!

Sönghópurinn Uppsveitasystur er í miklu stuði þessa dagana sem og reyndar flesta aðra daga. Þær halda tónleika í Þorlákskirkju mánudaginn 19. nóvember n.k. kl. 20.30 en Hrunamaðurinn Stefán Þorleifsson stjórnar kórnum. Þarna koma einnig fram, Gospelkór Tónsmiðjunnar undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur. Undirleikur verður í höndum fimra fingra Djassbands Suðurlands. Það er ánægjulegt hve fjölbreytt söngflóran er hér í uppsveitunum um þessar mundir. Fólk er hvatt til þess að fylgjast með þessum listviðburðum Vörðukórsins og Uppsveitasystra.

Útgáfutónleikar Karlakórs Hreppamanna

Ekki má gleyma karlakórnum. Margir hafa kvartað undan því hve lítið hefur verið fjallað um Karlakór Hreppamanna í síðustu Pésunum og sumum finnst nafngiftin “kóraninn” alls ekki standa undir nafni. Mikið er um að vera hjá kórfélögum sem eru um það bil að jafna sig, allir nema tenórarnir, eftir sérlega skemmtilegt karlakvöld þar sem menn úðuðu í sig sviðakjömmum og söltuðuð hrossakjöti. Talið er að karlarnir hafi étið a.m.k. tvo gamla gæðinga úr hreppnum. Nýr hljómdiskur kemur út með lögum eftir Sigurð Ágústsson, tónskáld frá Birtingaholti sem gefin er út í tilefni 100 ára fæðingarafmælis hans. Efnit verður til tvennra útgáfutónleika sem verða annarsveggar í Selfosskirkju sunnudagkvöldið 25. nóvember og hins vegar í Víðistaðakirkju miðvikudagskvöldið 28. nóvember kl.20.30. Að vanda stjórnar Edit Molnar kórnum og píanósnillingurinn Miklos Dalmay leikur á píanóið. Diskurinn er auðvitað upplögð jólagjöf til vina og vandamanna.

Fundur á fund ofan – oddvitinn okkar varaformaður SASS

Mikið hefur verið um sameiginlega fundi sveitarstjórnarmanna í nóvember. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga héldu ársfundi stofnana SASS á Kirkjubæjarklaustri en þar var Sigurður Ingi Jóhannsson kjörinn varaformaður SASS. Í eina tíð var Loftur Þorsteinsson einmitt formaður þeirra samtaka. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga var einnig haldin fyrir skömmu en þar eru lögð drög að fjárhagsáætlun ársins, borin saman rekstur sveitarfélagana í landinu o.m.fl. Rekstur sveitarfélagsins okkar hefur batnað á síðustu árum samanborið við sveitarfélög af svipaðri stærðargráðu með svipaða þjónustu, við getum glaðst yfir því en ennþá betur má ef duga skal. Jöfnunarsjóður er enn allt of stór þáttur í tekjum sveitarfélagsins og ef miklar breytingar verða á þeim sjóði getur það haft veruleg áhrif á rekstur Hrunamannahrepps.

Aðgengi fyrir fatlaða batnar til muna í Flúðaskóla

Að undanförunu hefur aðgengi fatlaðra tekið stakkaskiptum þar sem settar hafa verið lyftur í skólann og hefðum við gjarnan viljað vera enn fyrr á ferðinni með þessar lagfæringar. Þá er verið að skoða möguleika á kaupum á lausri kennslustofu fyrir smíðakennslu, Einnig eru uppi vangaveltur um breytingar á eldhúsinu í Félagsheimilinu þar sem um yrði að ræða eitt gott mötuneyti sem nýttist skólunum og öldruðum. Þetta er enn fyrst og fremst hugmyndir til athugunar en um margt spennandi kostir. Unnið er að gerð fjárhagsáætlunar fyrir stofnanir Hrunamannahrepps og þá skýrist hvaða draumar okkar geta ræst.

Heyið á Hrafnkelsstöðum

Nokkur styr hefur staðið um það hvað gera eigi við heyið á Hrafnkelsstöðum 1 en þar kom upp riða eins og allir þekkja. Oddviti og sveitarstjóri hafa haldið fjölmarga fundi með fulltrúum Landbúnaðarstofnunar og stjórnarmönnum Sorpstöðvar Suðurlands. Nú er ljóst að Sorpstöð Suðurlands mun taka við heyinu, það kom fram á aðalfundi stöðvarinnar á Kirkjubæjarklaustri á dögnum. Riðubótasjóður mun bera kostnað af förgun heysins. Allt þetta mál hefur tekið allt of langan tíma og er nauðsynlegt að koma á öruggara ferli í máli sem þessu. Hvað endanlega verður svo gert við heyið er ekki alveg ljóst.

Björn Ingi kynnir lamb og skyr í útlöndum

Þegar nafnið Björn Ingi er nefnt hugsa menn gjarnan til borgarfulltrúans Björns Inga. Við eigum okkar Björn Inga hér í Hrunamannahreppi en hann er meistarakokkur á Hótel Flúðum. Björn Ingi er ótrúlega slyngur við að laða fram góðgæti sem eftir er tekið hér í hrepp og reyndar mikið víðar. Björn Ingi hefur verið fenginn til þess að kynna Íslenskar landbúnaðarvörur í Bandaríkjunum. Við getum verið stolt af stráknum. Það eru auðvitað engir betri en meistarakokkar til þess að kynna Íslenskar landbúnaðarafurðir í útlöndum.

Bókavörðurinn okkar stendur fyrir sínu.

Áslaug bókavörður á Bókasafni Hrunamannahrepps er áhugasamur starfsmaður okkar og er sífellt að bæta við bókakostinn. Ekki einungis það heldur stendur hún fyrir kynningu á bóksafninu fyrir yngstu íbúa sveitarfélagsins, nemendur leikskólans. Þau fylkja liði og koma á bókasafnið á þriðjudögum þar sem lesið er fyrir þau og þau kynnt fyrir leyndardómum bókasafnsins. Áslaug er einnig í námi sem tengist bókavörslu en námið heitir upplýsinga og bókasafnstækni. Áslaug lýkur námi nú í vor og hefur þá stundað námið í þrjá vetur. Það er ekki að spyrja að dugnaði kvennanna í sveitinni. Jólábækurnar streyma nú inná safnið lesendum til ómældrar ánægju.

Mörg hús í byggingu – lengsta límtréð!

Hér í hreppnum hefur óvenju mikið verið byggt á árinu. Aðalsteinn og Margrét á Hrafnkelsstöðum eru að byggja við fjósið og nútímavæða það. Á sama hátt er bygging fjóss á Bjargi hjá þeim Karli og Jónínu í burðarliðnum. Þá rísa hús sem aldrei fyrr hér á Flúðum og margur frækinn smiðurinn mundar hamarinn af snilld. Maggnús Víkingur kann að segja sögur og er kröftugur athafnamaður. Hann reisir nú bjálkahús með miklum tilþrifum. Að hans sögn pantaði hann lengsta límtrésbita sem framleiddur hefur verið í Límtrésverksmiðjunni á Flúðum og var fremsti hluti trésins komin í nýja Laufskálahverfið hjá honum þegar aftasti hlutinn var ennþá í Límtrésverksmiðjunni, geri aðrir betur. Við seljum ekki söguna dýrari en við keyptum hana en látum hana fljóta hér.

BM Vallá vill byggja meira á Flúðum

Forsvarsmenn BM Vallár sem er eigandi Límtrésverksmiðjunnar á Flúðum hafa í hyggju að byggja við verksmiðjuna. Hugmyndir um viðbyggingu var lögð fyrir síðasta fund hreppsnefndar Hrunamannahrepps. Þetta eru vissulega ánægjuleg tíðindi því Límtrésverksmiðjan skiptir atvinnulíf hér miklu máli og er myndarlegt fyrirtæki. Þá hefur fyrirtækið einnig fengið úthlutað lóð fyrir einbýlishús á Flúðum.

Ill umgengni í Kvenfélagsskóginum

Verkefnið lesið í skóginn sem nemendur Flúðaskóla taka þátt í er bæði þroskandi og mjög skemmtilegt. Í Kvenfélagsskóginum er í rauninni kennslustofan fyrir verkefnið. Skólayfirvöld hafa áhyggjur af því að illa er gengið um þetta svæði með því að eyðileggja muni og aðstöðu sem þarna er. Fólk er hvatt til þess að ganga um þetta svæði af virðingu því hér er um einstakt svæði að ræða og óþolandi að skólinn geti ekki fengið að hafa þetta kennslusvæði í friði.

Fjallkóngurinn vill að vestin komist í ráðhúsið

Steinar Halldórsson fjallkóngur kom að máli við ritstjóra Pésans þar sem hann beinir þeim tilmælum til fjallmanna sem smöluðu afréttinn í haust að koma hinum ágætu vestum á hreppsskrifstofuna, þannig að við getum haft þau á vísun stað fyrir smalamennskur næsta haust.

Skúli Gunnlaugsson 80 ára

Þeim er ekki fisjað saman Gunnlaugssonar bræðrunum í Hrunamannahreppi. Skemmtilegir karlar sem setja svip á samfélagið hver með sínu lagi. Á dögunum hélt einn þeirra Skúli Gunnlaugsson í Miðfelli uppá á átræðis afmæli sitt. Hann efndi til málverkasýningar á heimili sínu ásamt kaffi og miklum kræsingum. Skúli hóf að mála eftir að hann varð sjötugur en þá eignaðist hann trönur og liti. Um leið og við óskum Skúla til hamingju með afmælið og málverkasýninguna er gaman til þess að vita þegar eldra fólk finnur sér skemmtileg og gefandi viðfangsefni. Skúli tekur sig vel út á baksíðu Pésans.

Íbúðir fyrir aldraða – ályktun félags eldri borgara.

Mikill þrýstingur er á hreppsýfirvöld og landeigendur sem eiga land undir svokölluðum Bakkatúnsvegi þannig að hægt verði að byggja upp íbúðir fyrir aldraða í landi Grafarbakka. Eftirfarandi ályktun barst hreppsnefnd sem tekin var fyrir á síðasta hreppsnefndarfundi:

” Stjórn félags eldri Hrunamanna hvetur Hreppsnefnd Hrunamanna-hrepps og Vegagerðina að flýta svo sem unnt er vegaframkvæmdum á svonefndum Bakkatúnsvegi til þess að hægt verði að hefja byggingu íbúða fyrir aldraða í landi Grafarbakka II.

Eins og öllum er kunnugt hefur Sigrún Tómasdóttir ákveðið að gefa land undir íbúðir fyrir aldraða á landi sínu. Mjög bagalegt er hve lengi hefur dregist að hefja framkvæmdir á landinu en vegur að fyrirhuguðum byggingum er forsenda þess að hægt sé að hefja þar framkvæmdir.

Ljóst er að mikil þörf er á íbúðum sem þessum og mjög erfitt er fyrir þá sem tekið hafa ákvörðun um kaup á íbúðum að málið dragist lengur en orðið er. Hrunamannahreppi 24. október 2007

Guðbjörg Björgvinsdóttir, Loftur Þorsteinsson, Anna Björk Matthíasdóttir “

Hreppsnefnd tekur heilshugar undir ályktunina og mun í framhaldi halda fund með forsvarsmönnum Vegagerðarinnar til þess að þrýsta enn frekar á framkvæmdina.

Helgi mundar tólin

Eins og áður hefur komið fram hefur verið ákveðið að koma fyrir listaverki í fyrirhuguðum lystigarði á Flúðum þar sem nú er víkjandi tjaldsvæði. Efnt var til samkeppni og var ákveðið að Helgi Gíslason, listamaður sem er gamall vinnumaður frá Unnarholti, vinni verkið og er hann farin að munda tæki og tól. Brynhildur Þorgeirsdóttir frá Hrafnkelsstöðum átti einnig mjög spennandi tillögu. Hugmynd að listaverkefninu er til orðin í sambandi við 100 ára fæðingarafmæli Sigurðar Ágústssonar, tónskálds frá Birtingaholti til heiðurs sönglistinni í sveitinni og öllu því góða fólki sem tekið hefur þátt í því.

Liðugir eldri borgarar í Íþróttahúsinu

Það er líf og fjör í eldri borgurum í Hrunamannahreppi. Íþróttahúsið er opið fyrir þá kl. 13.00 á fimmtudögum. Okkar snjöllu Íþróttakennarar eru boðnir og búnir að leiðbeina með léttum ballettæfingum og vídeigandi tónlist. Eldri borgarar eru hvattir til þess að nýta sér þessa þjónustu. Því hvað er betra en að hafa heilbrigða sál í hraustum líkama.

Nýr húsvörður í Félagsheimilinu

Á síðasta hreppsnefndarfundu var samhljóða ákveðið að ráða Stefán Arngrímsson sem næsta húsvörð í Félagsheimili Hrunamannahrepps. Alls sóttu þrjár um starfið. Ekki hefur verið gengið frá ráðningasamningi við Stefán en hann er mörgum Hrunamönnum að góðu kunnur, hefur nýlega keypt hér hús ásamt konu sinni Sigrúnu Hermannsdóttur frá Langholtskoti.

Þakkir til skipuleggjenda og leiðsögumanna gönguferða

Eins og undanfarin ár stóð Ferða æskulýðs og menningarnefnd fyrir spennandi gönguferðum í sumar. Þetta er ómetanlegt framtak. Nefndarmenn sem og sveitarstjórn vill koma á framfæri hugheilm þökkum til þeirra sem skipulögðu ferðirnar og tóku að sér að vera leiðsögumenn. Vonandi verður framhald á gönguferðum sem þessum næsta sumar.

Helgartilboð í nóvember

Hamborgari með frönskum og ½ líter af gosi kr. 600

Kynning

“Beef Jerky Original” þurrkað og léttkryddað nautakjöt
– mikil orka, lítil fita

Gott úrval af mjólkurdrykkjum frá MS
50% afsláttur á nammibarnum á laugardögum



Opnunartímar:

Mánudaga – föstudaga frá kl. 18 til 22

Laugardaga frá kl. 14 til 22.

Sunnudaga frá kl. 14 til 20.

Ferðamiðstöðin vill biðja lesendur Pésans velvirðingar á því að tilkynning um að tóbaksvörur væru til sölu hjá okkur birtist frá okkur í ritinu í október sl. Slíkt er að sjálfsögðu með öllu óheimilt, skv. 7. gr. laga nr. 2002, og munum við að fara að lögum í þessum efnum sem og öðrum.

Laugardaginn 20. október 2007, stóðu Laufskálar ehf. fyrir því sem kallað er Gröfuglasalyftukeppni. Keppnin er þannig til komin að á svipuðum tíma á síðasta ári, auglýstu Laufskálar að haldið yrði gröfunámskeið í Laufskála-byggð, þar sem leiðbeinandi yrði Magnús Víkingur og henni myndi ljúka með keppni í gröfuglasalyftingum. Gekk þetta eftir og höfðu margir gaman af, þrátt fyrir að námskeiðið sjálft færi fyrir ofan garð og neðan.

Í ár ákvað stjórn Laufskála að endurtaka keppnina sem nú fór fram með svolítið breyttu sniði. Keppnin hófst uppúr kl. 4 á hlaði fyrstu hallarinnar sem Laufskálar reisa í Laufskálabyggð. Þrátt fyrir skúraveður, mættu þar um 60 manns og 25 spreyttu sig á Komatsu gröfu í eigu Laufskála. Keppendum var skipt uppí þrjá flokka þ.e. vanir, óvanir og kvennaflökkur. Keppnin fólst í því að hlaupa upp í gröfuna, lyfta bómunni frá hellu, krækja krók á enda bómunnar í vatnsfötu sem stóð á annarri steinhellu, snúa gröfunni 90 gráður, slá bjórdós af stólpa og skila bómunni í upphafsstöðu. Skyldi þetta gert á sem stystum tíma, auk þess sem gefin voru refsistig fyrir að missa vatn úr fötunni, fella hana eða missa. Það gekk því á ýmsu og höfðu allir gaman af.

Í hópi vanra vélamanna kepptu með eftirfarandi árangri:

	tími		
Björn Kjartansson	1 mín 21.15sek	10	refsistig
Einar Harðarson	1 mín 25,81sek	0	
Kristinn Eiríksson			
sigurvegari 2006	42:27sek	20	
Hörður Úlfarsson	1 mín 18:88sek	0	
Þórarinn Úlfarsson	55:08sek	0	
Ólafur Jónsson	1 mín 03:82sek	0	
Ómar Emilsson	52:12sek	0	
Elvar Harðarson	47:62sek	0	
Birgir Jónsson	1 mín 17:72sek	0	
Grétar Skúlason	1 mín 06:30sek	10	
Eiríkur Kristófersson	1 mín 27:54sek	20	
Ölli Kalli Emilsson	1 mín 02:10sek	10	
Árni Hjaltason	57:58sek	0	
Guðmundur Einarsson	1 mín 03:49sek	0	
Magnús Víkingur	1 mín 14:21sek	10	

Í hópi hinna óvönu sem kepptu við sama verkefnið:

Hjalti Robin Víkingur	2 mín	21:21sek	+10 (sprengdi dósina)
Ari Jóa Járns	5 mín	02:76sek	0
Oddur Ólafsson	2 mín	00:37sek	10
Jói Járn sjálfur og tímavörður	1 mín	35:61sek	20
Davíð Jónsson	2 mín	43:72sek	20
Egill Jóa Járns	2 mín	01:70sek	0
Haukur Eiríksson	1 mín	35:18sek	0
Harri Kjartansson	3 mín	04:89sek	0
Grétar Guðbjörnsson	1 mín	20:68sek	10
Maggnús Hlini Víkingur, fötuvörður	2 mín	24:90sek	20
Loks kepptu þrjár konur í hópi kvenna:			
Anna María Gunnarsd.			
sigurvegari 2006	5mín	26:20sek	20
Erla Jóa Sól	4mín	27:25sek	30
Hildur Ben Guðmundsd.	2mín	47:11sek	40

Í dómnefnd sátu Maggnús Víkingur Laufsskálum og Ólafur Ársælsson frá Kraftvélum, sem selja Komatsu vélarnar og veita ennfremur aðalverðlaunin.

Þeir komust að því að sigurvegarar keppinnar með tilliti til refsistiga og þá um leið bestu gröfumenn Hrunamanna voru í hópi vanra:

Elfar Harðarson

Árni Hjaltason

Kristinn Eiríksson

En daginn eftir þegar mótsgögn þau sem hér eru birt, voru skoðuð kom í ljós að dómur voru rangir svo sem sjá má, af tímatöflu. Hið rétta er því þannig: Elfar, Ómar, Þórarinn, Árni.

Í hópi óvanra urðu einnig þau leiðu mistök, að dómur fóru línuvillt á blaði og ætluðu Hjalta R. Víking tíma föður hans, sem næstur keppti á undan honum og töldu hann þar með sigurvegara í hópi óvanra. Við nánari skoðun daginn eftir, kom hið rétta í ljós og birtist því hér:

Grétar Guðbjörnsson

Haukur Eiríksson

Jói Járn

Í hópi kvenna sigraði Hildur sem kunnig greinilega að handleika djóstykkið. Enda keppti hún fyrir hönd Kraftvéla.

Að keppni lokinni snerist hátíðin uppí reisugilli vegna fyrrnefndrar hallar nr. 11 í Laufskálabyggð og varð úr því mikil og skemmtileg Laufskálagleði. Þar voru verðlaun afhent, ætlaðir sigurvegarar fengu sumir langþráða kossa frá Kraftvéla stelpunum, pulsar voru grillaðar og bjórinn rann sem aldrei fyrr.

Inga Dís og Maggi Laufskálum. Þökkum skemmtilega stund - Gerum betur næst.

Flúðaleið ehf

Frá 1. september 2007 mun Flúðaleið ehf bæta við sig þjónustu fyrir Landflutninga Samskip í upp-sveitum Árnassýslu. Og mun því eftirleiðis þjónusta Eimskip Flytjanda og Landflutninga Samskip.

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:
Landflutningar Kjalarvogi s:458-8000 kl. 12:00
Flytjandi Klettagörðum s:525-7700 kl 13:00

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00
Flytjandi Gagnheiði 36 s:525-7951
Landflutningar Austurvegi 69 s:458-8820
Einnig frá Húsasmiðjunni og Byko
Flytjum áburð,skeljasand og fóður fyrir alla söluaðila

Nánari upplýsingar eru hjá
Pálmar í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur.

*Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar*

Atvinna
Starfskraft vantar í garðyrkju
Upplýsingar gefur Ragnheiður í síma 867 8119

Til sölu
Er með lopapeysur og vesti til sölu
Katrín sími. 486 6696

Tamning—þjálfun
Tek hross í tamningu og þjálfun, frá næstu áramótum. Verð með að-
stöðu á Hrafnkelsstöðum I, þar sem ég starfaði veturinn 2005. Upp-
lýsingar í síma 869 5662
Með kveðju Stefán Lárusson Hveragerði.
m/tamningapróf frá Hólaskóla 2007

Frá fjáröflunarnefnd Kvenfélags Hrunamannahrepps.

Nú ætlum við að gefa út uppskrifta og hugmynda bók.
Vinsamlegast komið uppskriftum og/eða hugmyndum (húsráð eða
bara allt sem ykkur dettur í hug að gæti átt heima í svona bók)
til neðanritaðra fyrir 21. nóvember.
Guðrún Galtafelli gunna@galtafell.is
Valdís Langholtskoti lkot@simnet.is
Guðbjörg Runólfsdóttir Ljónastíg 3
Anna May Carlson Hvítárholti

Atvinna.
Starfsmaður óskast á kúabú í Hrunamannahreppi
Fjölbreytt vinna í boði.
Íbúð á staðnum.
Upplýsingar í síma 898 7186 Ragnar eða 868 4024 Marta

Viltu þyngjast, léttast eða bara ná árangri í ræktinni.
Þá gæti HERBALIFE verið lausnin fyrir þig.
“Enn er tími til að komast í kjólinn fyrir jólin.”
Eva Marín Hlynsdóttir
Sjálfstæður dreifingaraðili Herbalife. S: 892 6728
silja1@simnet.is

Bændur Athugið



Höfum á boðstólum mjólkurduft og start-kjarn-fóður fyrir ungfálfa, og framhaldsfóður fyrir 45 daga til 6 mánaða gamla kálfa.

Eigum alltaf til súrdoðabrjótinn Propylenglycol á lager.

Landstólpi ehf
Gunnbjarnarholti
480-5600

www.landstolpi.is



Frá hugmynd að húsi



KAUÞING

Hraðbankinn
er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á Flúðum:
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00
Viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Sími. **480-4700.**

Sauðfjárþændur athugið garnaveikibólusetning

Ný reglugerð um bólusetningu sauðfjár og geita gegn garnaveiki tók gildi 10. október síðastliðinn.

Helstu breytingar frá fyrri reglugerð eru þessar; eigendur bera nú alla ábyrgð á að láta bólusetja ásetningslömb fyrir árslok og helst sem fyrst að hausti. Þeir skulu tilkynna Landbúnaðarstofnun/héraðsdýralækni um ásetningsfjölda og staðsetningu fjárins eigi síðar en 1. nóvember á þar til gerð eyðublöð. Óheimilt er að undanskilja smálömb og svokölluð páskalömb frá bólusetningu. Þá er ábyrgð bólusetningaraðila skýrð og aukin, einnig er skerpt á verkferlum héraðsdýralækna og landbúnaðarstofnunar og ábyrgð þeirra skýrð, frá því sem áður var. Sjá nánar í grein Sigurðar Sigurðarsonar í Bændablaðinu frá 6. nóvember s.l. eða skoða reglugerð nr. 933/2007 á heimasíðu Landbúnaðarstofnunar, www.lbs.is

Því eru sauðfjárþændur hvattir til að láta bólusetja ásetningslömb sín sem fyrst og vera árvakrir við að láta bólusetja lömb sem heimtast síðar.

Sveitarstjóri

Frá Nautgriparæktarfélagi Hrunamanna.

Haustfundur Nautgriparæktarfélagsins verður haldinn mánudaginn 19. nóvember, kl. 10.00 fyrir hádegi á Hótel Flúðum.

Dagskrá:

Runólfur Sigursveinsson fjallar um niðurstöður heysýna og fl..

Guðmundur Jóhannesson verður með fróðleik um sæðingarnautin og kynbótamatið.



Súpa og brauð í hádeginu í boði félagsins.

Hvetjum alla kúabændur til að mæta.

Stjórnin.

Þegar hausta tekur vill sálin helst hjúfra sig inn í hlýja voð og bíða þar til vorar á ný. Þegar manni líður þannig er einmitt besta ráðið að tala við einhvern sem skilur, sem hefur gengið í gegnum það sama og þekkir hvað fer í gegnum huga manns. Þetta er gríðarlega erfitt, að koma sér af stað, fara úr öryggi heimilisins og ætla sér að hitta fólk sem maður hefur ef til vill ekki talað við áður, EN manni líður miklu betur þegar maður er komin á staðinn og getur talað um það sem manni liggur á hjarta og vera viss um að það fari ekki lengra, því að það ríkir algjör trúnaður og það sem sagt er verður innan hópsins fer ekki lengra.

Sjálfsbjálparhópur fyrir fólk sem vantar einhvern til að tala við um allt mögulegt, hittist í safnaðarheimilinu í Hruna á þriðjudagskvöldum kl 20:30.

Afmælisbridsmót

Í tilefni af 40 ára bridsstarfssemi á vegum Umf. Hrunamanna verður haldið afmælisbridsmót í Félagsheimili Hrunamanna sunnud. 9. des.n.k. Hefst kl 10. Spilaður verður tvímenningur og góð verðlaun verða veitt.

Allir sem tekið hafa einhvern tímann þátt í bridskeppni á vegum UMFH. eru velkomnir til leiks. Skrá yfir þá birtist í síðasta Pésa (okt) Þátttökugjald er kr 2.500 á mann. Innifalið í því er hátíðarkvöldverður á Hótelinu að lokinni spilamennsku svo og veitingar yfir daginn. Þátttaka tilkynnist spilastjóra deildarinnar, Karls Gunnlaugssonar, s. 4866621 eða einhvers stjórnarmanna, þ.e. Bjarni s. 4866434, Jóhanes

s. 4866674, Viðar s. 4866016.

Hef bæði tapað lopapeysunni minni (sem er græn með hvítu munstri.- áberandi vel þrjúnuð) og svörtu “millet” dúnúlpunni minni. Þar sem nú fer vetur í hönd og allra veðra von, þætti mér afar vænt um að fá þessar flíkur mínar aftur.

Ef einhver kannast við að hafa séð þær þá vinsamlegast hafið samband við mig í síma 894 0448. Gussi

Jólastjörnusala Kiwanisklúbbsins Gollfoss

Eins og mörg undanfarin ár munum við selja jólastjörnu hér í sveit og í Skeiða-og Gnúpverjahreppi. Ágóði af sölunni hefur jafnan runnið til líknarmála hér í uppsveitum og í ár höfum við ákveðið að styrkja Dvalarheimilið Blesastöðum og minnast þannig hinnar merku konu Ingibjargar Jóhannsdóttur sem nú er nýlátin og hugsjónastarfs hennar.

Salan mun hefjast helgina 24-25. nóvember. Vonumst við eftir góðum viðtökum fólks sem endranær

Forseti klúbbsins þetta starfsár er Magnús H Sigurðsson, Birtingaholti.
F.h. Gullfoss Jóhannes Sigmundsson, blaðafulltrúi.

Skil á forðagæsluskýrslum.

Umráðamenn búfjár eru minntir á að skila útfylltum eyðublöðum um búfjárfjölda og fóðurbirgðir til búfjárefirlitsmanns fyrir 20. nóvember.

Eyðublöðin hafa þegar verið send til umráðamanna.

Til hagræðis er hægt að skila skýrslunum

á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Búfjárefirlitsmaður.

Loftur Þorsteinsson

VÖNDULL ehf **FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í UPPSVEITUM** **ÁRNESÝSLU.**

Brottför frá Reykjavík, Aðalflutningar ehf., Skútu-
vogi 8. sími: 581-3030. Mánudaga til fimmtudaga
kl. 13:00, föstudaga kl. 16:00. Á Selfossi hjá Húsa-
smiðjunni og Byko kl. 14:00 nema föstudaga kl.
17:00. Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

856 1581 Stefán



Skólasöngur – samkeppni

Ákveðið hefur verið að blása til samkeppni um skólasöng fyrir Flúðaskóla.

Þátttakendur skulu senda inn bæði lag og texta.

Tillögum ber að skila til ritara Flúðaskóla undir dulnefni og nafn viðkomandi skal fylgja með í lokuðu umslagi.

Veitt verða verðlaun fyrir lag og texta sem dómnefnd telur henta best sem skólasöngur Flúðaskóla.

Við áskiljum okkur einnig rétt til að hafna öllum tillögum sem berast.

Skilafrestur er til og með 20. desember 2007.



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Leikskólafréttir

Hjá okkur á Undralandi er alltaf nóg um að vera við leik og störf. Alla daga erum við að læra eitthvað nýtt sem er bæði gagnlegt og skemmtilegt.

Börn og starfsfólk eru dugleg að nema ýmsa hluti með því að fara á námskeið, lesa sér til í bókum og á netinu og miðla hvert til annars. Þessa dagana erum við að tileinka okkur mikilvægi endurvinnslu og gildi þess að fara vel með alla hluti. Einnig gerum við tilraunir með efnivið af ýmsu tagi ásamt því að skapa úr honum listaverk.

Okkur langar að þakka þeim fjölmörgu sem brugðust við kalli okkar um daginn og komu færandi hendi með fjölbreyttan efnivið fyrir okkur að vinna úr. Við erum ávallt tilbúin að taka við krukum, töppum, efnisbútum, garni, fötum, úr sér gengnum rafmagnstækjum og fleiri skemmtilegum hlutum sem þið eruð hætt að nota.

Kærar kveðjur, börn og starfsfólk Undralands.

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax .

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.
Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggitur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og **899-9665**.
Inga Birna.



Mánudaginn 19. nóv. nk. munu tveir kórar halda tónleika í Þorlákskirkju. Um er að ræða **Uppsveitasystur** undir stjórn Stefáns Þorleifssonar og **Gospelkór Tónsmiðjunnar** undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur. Undirleikur verður í umsjón **Djassbands Suðurlands**. Uppsveitasystur eru nú á öðru starfsári sínu og er Stefán stjórnandi þeirra tímabundið en aðalstjórnandi þeirra er Magnea Gunnarsdóttir. Gospelkór Tónsmiðjunnar var stofnaður í haust og kemur nú fram í fyrsta sinn. Djassband Suðurlands hefur verið starfandi frá því 2005 og er skipað Róberti Dan Bergmundssyni, bassaleikara frá Þorlákshöfn, Stefáni Ingimar Þórhallssyni, trommu- leikara frá Laugalandi, Stefáni Þorleifssyni, píanóleikara frá Sel- fossi og Trausta Erni Einarssyni, gítarleikara úr Reykjavík. Efnisvalið er blanda af grúví gospelsi og dásamlegum dægurlögum. Tónleikarnir hefjast kl. 20:30 og er aðgangur ókeypis.

Opið fjós fyrir eldri borgara.

Miðvikudaginn 21. nóvember kl. 14.00 til 16.00 bjóðum við eldri borgara velkomna í heimsókn í fjósið okkar. Mjólk á könnunni. Sjáum vonandi sem flesta.

Jói og Esther á Sólheimum.



Útgáfutónleikar !!

Í Selfoskirkju sunnudagskvöldið 25.nóv kl.20:30
Í Víðistaðakirkju miðvikudagshvöldið 28. nóv kl.20:00

Á þessu ári fagnar Karlakór Hreppamanna sínu tíunda starfsári. Á sama tíma eru liðin 100 ár frá fæðingu Sigurðar Ágústssonar tónskálds og kórstjóra frá Birtingaholti. Það þótti því við hæfi að tíunda starfsár kórsins yrði helgað minningu Sigurðar með því að leggja megináherslu á að flytja lög eftir hann eða útsetningar hans á lögum annarra.

Nafn karlakórsins á sér tilvísan í nafn sem kallast á við forna frægð Hreppakórsins, karlakórs sem Sigurður stofnaði á þriðja áratug síðustu aldar.

Nú er kominn út hljómdiskur með lögum Sigurðar sem kórinn söng inn á sl. vor ásamt því að koma fram á aldarminningarhátíð sem haldin var á Flúðum helgina 17. og 18. mars.

Í tilefni af útkomu hljómdisksins, heldur Karlakór Hreppamanna tónleika í Selfoskirkju sunnudagskvöldið 25. nóvember kl. 20.30 og í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði miðvikudagskvöld 28. nóvember kl. 20.00. Á dagskrá eru sönglög eftir Sigurð Ágústsson, lög sem Sigurður raddsetti og lög við ljóð eftir hann ásamt lögum eftir fleiri höfunda.

Stjórnandi : Edit Molnár Píanóleikari: Miklós Dalmay
Einsöngur : Björgvin Magnússon og
Hermundur Guðsteinsson





Jónas Hallgrímsson í 200 ár



Vörðukórinn kynnir:

Dagskrá í tali og tónum helguð Jónasi Hallgrímssyni í tilefni þess að 200 ár eru liðin frá fæðingu hans.

Samkoman verður haldin í Félagsheimilinu á Flúðum föstudaginn 16. nóvember kl. 20:30.

Fram koma:

Vörðukórinn undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur

Undirleikari : Stefán Þorleifsson

Einsöngur með kórnum : Haukur Haraldsson

Karлакvartett úr Rangárþingi

Bjarni Harðarson alþingismaður fjallar um

Jónas Hallgrímsson í fortíð og nútíð.

Helga Guðlaugsdóttir syngur einsöng.

Halla Guðmundsdóttir les úr verkum Jónasar.

Þjóðlegir smáréttir.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Aðgangseyrir kr. 2000. Frítt fyrir börn.



Vörðukórinn



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Sundlaugin á Flúðum
Opnunartími :
Mánudaga til föstudaga. 16:00-21:00
Laugardaga 10:00-18:00.
Sunnudaga 13:00-18:00
Höfum til sölu sundfatnað, sundgleraugu og fleira

Íþróttahúsið á Flúðum—tækjasalur

Opnunartími.
Mánudaga til fimmtudaga: 15:30-21:00
Föstudaga: 13:00-20:00

*Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu
Mánudaga til föstudaga
Frá kl. 09:00-12:00 og 13:00-16:00.*

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
*Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Fördun Vaxmeðferðir
Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)*

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

Freyjusjóður.

Undanfarin misseri höfum við verið að undirbúa fyrstu úthlutun okkar úr Freyjusjóði Kvenfélags Hrunamannahrepps. Lög Freyjusjóðs hafa verið í vinnslu síðan ákveðið var að setja gjöf Samkaupa/Strax að upphæð krónur 250.000.- sem stofnfé í sjóð sem hefði það hlutverk að styðja konur úr Hrunamannahreppi á aldrinum 16-25 ára, til náms eða hvernar þeirrar uppbyggingar sem þykir skara fram úr á einhvern hátt (sjá lög Freyjusjóðs hér til hliðar). Fyrsta úthlutun sjóðsins mun fara fram nú í janúar 2008 en umsóknarfrestur rennur út 15. desember nk. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Hrunamannahrepps www.fludir.is og hjá stjórn sjóðsins en hana skipa: Anna Kr. Ásmundsdóttir, Björg Björnsdóttir og Helena Eiríksdóttir.

Við hvetjum allar konur á aldrinum 16-25 ára til að skoða úthlutunarreglurnar vel og sækja um.

Námskeið – Fræðslunet Suðurlands.

Eins og kom fram á haustfundi Kvenfélagsins eru mörg spennandi námskeið í boði á vegum Fræðslunets Suðurlands. Fræðslunetið býðst einnig til þess að koma með námskeið og halda í heimabyggð ef næg þátttaka fæst. Ef margar félagskonur taka sig saman og panta námskeið eða gangast fyrir námskeiði á vegum fræðslunetsins mun Kvenfélagið niðurgreiða fyrir sínar félagskonur.

Mikilvægir viðburðir og dagsetningar:

Fjáröflunardagur Kvenfélagsins	2. desember – nánar auglýst hér annarsstaðar
Jólafundur Kvenfélagsins	9. desember – nánar auglýstur síðar
Barnaskemmtun Kvenfélagsins	lok desember – nánar auglýst síðar

Hlökkum til að ganga inn í hátíð ljóss og friðar með ykkur.

Kveðja.

Kvenfélag Hrunamannahrepps.

Lög Freyjusjóðs,

Styrktarsjóðs Kvenfélags Hrunamannahrepps.

Sjóðurinn heitir Freyjusjóður og er í eigu Kvenfélags Hrunamannahrepps.

Höfuðstóll sjóðsins, sem er gjöf frá Samkaupum er kr. 250.000.-, en vextir, er nema verðlagsvísitölu, leggjast við hann árlega.

Tekjur sjóðsins koma frá fjáröflunarnefnd Kvenfélagsins, eigi minni en kr. 60.000.- á ári, miðað við verðlagsvísitölu ársins 2006. Einnig koma tekjur vegna frjálsra framlaga.

Úthlutunarreglur Freyjusjóðs eru:

Styrkþegi er stúlka á aldrinum 16 – 25 ára og skal hún hafa lögheimili í Hrunamannahreppi.

Auglýst er eftir umsóknum í sjóðinn fyrir 15. nóvember ár hvert.

Umsóknum um styrk úr sjóðnum skal skilað til sjóðsstjórnar á þar til gerðum eyðublöðum fyrir 15. desember ár hvert og veitt verður úr honum fyrir janúarlok.

Í umsókn þarf umsækjandi að rökstyðja umsókn sína.

Styrkupp hæð skal eigi vera lægri en kr. 60.000.-

Sjóðsstjórn velur úr umsóknum en áskilur sér rétt til að hafna öllum ef engin þeirra uppfyllir sett skilyrði.

Forsendur styrkveitingar eru að umsækjandi hafi sýnt:

g1 framfarir

g2 hjálpssemi

g3 fórnfýsi

g4 uppbyggjandi starf fyrir samfélagið

g5 ágætan árangur

Stjórn Freyjusjóðs er skipuð formanni Kvenfélagsins og tveim fulltrúum sem kosnir eru til þriggja ára á aðalfundi félagsins.

Lögum sjóðsins má breyta á aðalfundi Kvenfélags Hrunamannahrepps.

Fyrsta mögulega veiting úr sjóðnum getur farið fram í janúar 2008.

Frá Bókasafni Hrunamanna.

Nú fara jólabækurnar að streyma í bókasafnið og um að gera að koma og líta á þær. Jólabækurnar eru merktar til skammtímaláns, sem þýðir að lánþegi getur haft bókina í **2 vikur**. Flestir gera sér ljóst að margir hafa áhuga á að lesa nýju bækurnar og eru því fljótir að skila þeim.

Á bókasafninu færðu líka Vikuna, Mannlíf, Gestgjafann, Hús og Híbyli, Andrés Önd syrpu, Galdrastelpur og fleira skemmtilegt lesefni. Lánstími á nýjustu tímaritunum er **1 vika**.

Lánstími eldri bóka og tímarita er **4 vikur** og útlán má framlengja með einu símtali.

Á bókasafninu er tölva fyrir almenning tengd Internetinu.

Gjaldskráin er ½ klukkustund á kr. 100,-.

Vetraropnun:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Vinsamlegast munið að skila bókum ef einhverjar finnast í jólatiltektinni.

Hvetjum alla, unga sem aldna til að lesa sér til gagns og gamans.

Fjöldi góðra bóka og nýtt efni í hverri viku.

Velkomin á bókasafnið.

Félagsheimilinu Flúðum

Sími: 486 6708

Tölvupóstur: bokasafn@fludir.is



Þorbjörn í Áshlíð með
fallegan Finn yaguar
mink
Ljósm.. Sig Sigm

Frá
Gröfuglasalyftukeppni
í Laufskálbyggð





.Jólabjórinn komin í hús. Frá kynningu 9. nóv.

Ljósm.Sig Sigm



80 ára afmæli Skúla í Miðfelli

Ljósm.. Sig Sigm